

Þriðjudaginn 22. febrúar 1977.

Nr. 3/1976. **Sverrir Halldórsson**
 (Gunnar Sæmundsson hdl.)
 gegn
Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda
vegna Hótel Sögu
 (Stefán Pálsson hdl.)

Kjarasamningur. „Launatillegg“. Iðnnemar.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m., er höfðað með stefnu útgef-
 inni 8. október s.l.

Stefnandi málsins er Sverrir Halldórsson, matreiðslunemi, Kapla-
 skjólsvegi 29, hér í borg.

Stefndi er Samband veitinga- og gistihúsaeygenda vegna Hótel
 Sögu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að „viðurkennt verði með dómi,
 að hann eigi rétt á launatilleggi því, sem um getur í síðasta málslið
 1. gr. kjarasamninga Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda og
 Félags matreiðslumanna frá 25.6. 1975 og 27.2. 1976, frá því hann
 hóf nám á Hótel Sögu þann 25.6 1975, þó að frádregnum þeim
 tíma, sem hann hefur stundað skólanám eftir 27. febrúar 1976.“
 Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati Félags-
 dóms.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr
 hendi hans að skaðlausu.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 68/1966 um iðnfræðslu var felld niður heimild
 iðnfræðsluráðs til að ákveða lágmarkskaup iðnnema, svo sem kveð-
 ið var á um í eldri lögum um iðnfræðslu nr. 46/1949. Þann 13.
 júlí 1972 gerðu Alþýðusamband Íslands annars vegar og hins vegar
 Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnu-
 félaganna með sér rammasamning um kjör iðnnema. Hafa slíkir
 samningar síðan verið gerðir í sambandi við aðalkjarasamninga.
 Núgildandi samningur þessara aðilja um kjör iðnnema er frá 27.
 febrúar 1976 og leysti hann af hólmi samning, sem gerður hafði

verið 26. febrúar 1974. Eru samningar þessir undirritaðir af fulltrúum Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Iðnnemasambands Íslands. Í 1.—4. gr. samningsins frá 26. febrúar 1974 voru laun iðnnema í höfuðatriðum ákveðin sem hlutfall af launum sveina, en ákvæði 5. gr. var svohljóðandi: „Þegar iðnnemar eru við störf, sem samkvæmt ákvæðum kjarasamnings skal greiða sérstakt aukaálag fyrir, þá skulu iðnnemar fá greitt samsvarandi aukaálag, er miðist við laun sveina á 1. ári.“ Í 6. gr. var svofellt ákvæði: „Iðnnemar njóti sömu réttinda og hlunninda og ákveðin eru í samningum um kjör sveina í viðkomandi iðngrein, svo sem fæðispeninga, fatapeninga, ákvæða um fjarlægðarlinur o.þ.h., en ekki þeirra, sem áunnin eru eða umsamin fyrir meiri starfmenntun, sérþjálfun eða ábyrgð sveina.“ Ákvæði samhljóða 5. og 6. gr. eru í 5. gr. núgildandi rammisamnings um kjör iðnnema frá 27. febrúar 1976. — Þann 25. júní 1975 gerðu Samband veitinga- og gistihúsaeygenda og Félag matreiðslumanna með sér samning um kjör matreiðslumanna. Í 1. gr. samningsins var kveðið á um lágmarksskaup matreiðslumanna, en niðurlagsákvæði greinarinnar er svohljóðandi: „Auk framangreindra launa, skulu matreiðslumenn á vínveitingahúsum fá launatillegg, kr. 3.350,00 á mánuði“. Í samningi þessum var einnig samið um lágmarksskaup matreiðslunema, fatapeninga, vinnufatnað og aðild að lífeyrissjóði.

Þann 27. febrúar 1976 gerðu Samband veitinga- og gistihúsaeygenda og Félag matreiðslumanna með sér samkomulag um lausn kjaradeilu, sem þá stóð yfir. Er í 1. gr. samið um launahækkanir og ákvæði 2. gr. er svohljóðandi: „Launatillegg á vínveitingahúsum verði kr. 4.500,00 á mánuði“. Í 7. gr. er svofellt ákvæði um kjör iðnnema: „Um kjör iðnnema fari skv. því, sem um semst í samningum I.N.S.Í og V.Í.“ Nemar í matreiðslu- og framreiðslu hafa með sér félag, sem á aðild að Iðnnemasambandi Íslands. Þann 22. mars s.l. ritaði félagið Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda og gerði kröfu til framangreinds launatilleggs til handa nemum í matreiðslu á þeim grundvelli, að þar væri um að ræða hlunnindi af því tagi, sem framangreind ákvæði úr samningum um iðnnemakjör áskildu iðnnemum. Þeirri kröfu var hafnað af hálfu Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda með bréfi dags. 11. maí s.l. Félag matreiðslu- og framreiðslunema ákvað að leita úrlausnar dómstóla

um ágreininginn, en þar sem hæpið kunni að vera, að það gæti átt aðild að slíku máli, var leitað til Félags matreiðslumanna, sem farið hefur með samningsrétt fyrir matreiðslunema. Félag matreiðslumanna neitaði þeirri málaleitan 27. september s.l. Hefur stefnandi, sem er einn stjórnarmanna Félags matreiðslu- og framreiðslunema því höfðað mál þetta í eigin nafni.

Krafa stefnanda er byggð á því, að í 6. gr. samningsins um kjör iðnnema frá 26. febrúar 1974 og 1. mgr. 5. gr. samningsins um kjör iðnnema frá 27. febrúar 1976 séu tæmandi talin þau hlunnindi, sem iðnnemum sé ekki ætlað að njóta af þeim hlunnindum, sem sveinar fá. Launatillegg það, sem deilt er um í málinu, verði að telja hlunnindi, sem séu ekki bundin við meiri starfsmenntun, sérþjálfun eða ábyrgð sveina, enda sé það greitt öllum matreiðslumönnum á vinnveitingahúsum, án tillits til misjafnrar starfsmenntunar, starfsþjálfunar og ábyrgðar þeirra. Til álita komi einnig að líta á launatillegg þetta, sem þess konar aukaálag, sem getið sé í 5. gr. samningsins um iðnnemakjör frá 26. febrúar 1974 og 2. mgr. 5. gr. samningsins um iðnnemakjör frá 27. febrúar 1976, en það leiði til sömu niðurstöðu. Launatillegg þetta sé tilkomið sem gagntilboð Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda við kröfu matreiðslumanna um 25% hækkun á vaktavinnuálagi við gerð kjarasamninga á árinu 1975. Launatilleggið sé því ekki greitt fyrir sérmenntun, starfsþjálfun eða ábyrgð heldur sé það kaupuppbot til allra sveina í matreiðslu á vinnveitingahúsum og sé vinnuálagið meginforsenda þess, en vinnuálag á þessum vinnustöðum bitni einnig á nemum. Er og bent á, að vaktaálag sé greitt í hlutfalli við laun nema, en aðrar greiðslur til nema fá þeir jafnt á við sveina. Er því haldið fram, að matreiðslunemar hafi öðlast rétt til launatilleggs þessa frá 13. júní 1975, en ekki eigi það þó að valda því að réttur þessi sé fallin niður þótt krafa um greiðslu hafi ekki verið borin fram fyrr en raun varð á. Í því sambandi sé á það að líta, að matreiðslunemar sjái ekki sjálfir um kjarasamninga sína heldur hafi verið farið eftir samningi, sem Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafi gert og hafi nemarnir ekki átt kost á að kynna sér þá.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að hann hafi aldrei skuldbundið sig til þess gagnvart stefnanda að greiða honum hið umdeilda launatillegg. Ákvæðið um launatilleggið hafi verið tekið upp í samning stefnda og Félags matreiðslumanna frá 25. júní 1975. Stefnandi og aðrir matreiðslunemar í vinnveitingahúsum hafi allt frá því að samning-

ur þessi tók gildi tekið laun samkvæmt honum án þess að gera kröfu til að fá launatilleggið eða hlutdeild í því. Er svo hafi verið samið á ný milli stefnda og Félags matreiðslumanna í febrúarmánuði 1976 hafi ákvæðið um launatilleggið til matsveina í vínveitingahúsum einnig verið í þeim samningi. Ekki hafi þá komið fram, að matreiðslunemar gerðu kröfu til launatilleggsins að lokinni samningsgerð. Því hafi stefndi ekki mátt vænta þess að slík krafa kæmi fram. Þá er sýknukrafa stefnda reist á því, að umrætt launatillegg beri að telja til þeirra réttinda og hlunninda, sem matreiðslumennn í vínveitingahúsum fái fyrir meiri starfsmenntun, sérþjálfun eða ábyrgð svo sem fram komi í niðurlagi 6. gr. samnings um kjör iðnnema frá 26. febrúar 1974 og niðurlagi 1. mgr. 5. gr. samningsins um kjör iðnnema frá 27. febrúar 1976. Beri á það að líta, að í vínveitingahúsum sé að öllu jöfnu gerðar meiri kröfur til matargerðar en á almennum matsölustöðum. Matsveinar á vínveitingahúsum séu því undir nokkru starfsálagi og hvíli ábyrgðin á matargerðinni á þeim en ekki á nemum í iðngreininni, þótt þeir kunni að taka allt eins mikinn þátt í matseldinni. Því beri matreiðslunemum ekki launatillegg þetta. Er því mótmælt, að launatillegg þetta verði talið aukaálag skv. 5. gr. samningsins um kjör iðnnema frá 26. febrúar 1974 og 2. mgr. 5. gr. samningsins um iðnnemakjör frá 27. febrúar 1976.

Félag matreiðslumanna synjaði að reka mál stefnanda fyrir dómnum. Af hálfu Alþýðusambands Íslands hefur því verið lýst yfir, að eins og mál þetta liggja fyrir telji sambandið rétt að Iðnnemasamband Íslands sé í fyrirsvari í málinu. Sambandið hafi þó af sinni hálfu ekkert við það að athuga, að stefnandi leiti úrskurðar dómstóla. Telja verður, að bréf Alþýðusambands Íslands feli í sér synjun á að reka mál stefnanda. Alþýðusamband Íslands hefur áður rekið mál hér fyrir dómi fyrir hönd Félags matreiðslumanna út af ágreiningi um kjör nema í iðngreininni. Ekkert liggur fyrir um það í máli þessu að breytingar hafi orðið á réttarstöðu félagsins eða sambandanna síðan sá dómur gekk og ekki hefur neitt verið leitt í ljós um að Iðnnemasamband Íslands sé stéttarfélag eða stéttarfélagssamband í merkingu l. nr. 80/1938, þ.á.m. 45. gr., enda málflytningur ekki snúist um það álitafni.

Að svo vöxnu máli verður að telja stefnanda heimilt að reka mál sitt sjálfur, sbr. 45. gr. l. nr. 80/1938.

Þeir Eiríkur Einar Viggósson, Tryggvi Jónsson og Úlfar Eysteins-

son, sem komu fram af hálfu Félags matreiðslumanna við gerð kjarasamninga félagsins og Sambands veitinga- og gistihúsaiegenda 25. júní 1975 og 27. febrúar 1976 og tveir þeirra, sem komu fram af hálfu Sambands veitinga- og gistihúsaiegenda við samningsgerðir þessar, Erling Aspelund og Sigurjón Ragnarsson, hafa komið fyrir dóm og skýrt frá aðdraganda þess, að ákvæði um launatillegg matreiðslumanna var tekið upp í samningana. Framburðir þessir og önnur gögn málsins skera ekki úr um, hvers eðlis launatillegg þetta sé. Eins og málavöxtum er háttað verður að líta svo á, að hér sé um að ræða launaviðbót, sem falli undir undanþáguákvæðið í niðurlagi 1. mgr. 5. gr. samkomulagsins um kjör iðnnema frá 27. febrúar 1976. Styður það niðurstöðu þessa annars vegar, að launatillegg þetta er ekki greitt öllum sveinum og hins vegar, að matreiðslunemar gerðu ekki kröfu til að fá það greitt á meðan samningurinn frá 27. júní 1975 var í gildi og ekki kom fram krafa um það við samningsgerðina 1976. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda. Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Líndal, Ragnar Ólafsson og Guðmundur V. Jósefsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samband veitinga- og gistihúsaiegenda vegna Hótel Sögu, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sverris Halldórs-sonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
